

Allt fyrir þetta álitur dómsmálastjórnin, að ekki ætti að sleppa allri von um, að sjá þessari fyrirætlun framgengt, þegar 1858. 23. janúar. kríngumstæðurnar leyfa það, og eg verð því að biðja herra stiptamtmanninn, þegar jafnaðarsjóður suður-umdæmisins getur risið undir kostnaði þeim, sem af því leiðir, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úngur og vel gáfaður Íslendingur, með kostum þeim sem bréf innanríkisstjórnarinnar tekur til, verði látinn sigla hingað, til þess að nema dýralækningafræði, og skal hann skyldur, þegar hann hefir numið þessa fræði, að taka sér bústað og fást við dýralækningar í suður-umdæminu.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu um kostnað í málum um rétti- 23. janúar. indi umboðsjarða.

Það herra amtmaðurinn hefir verið í vafa um, að hve miklu leyti greiða skuli kostnað þann úr umboðssjóðunum, sem rís af málum þeim, er höfðuð eru um réttindi umboðsjarða, hafi þér í þóknanlegu bréfi 27. janúar f. á. beðið um úrskurð dómsmálastjórnarinnar á þessum atriðum:

a) við sættaumleitun:

- 1) að hve miklu leyti megi greiða vanalega borgun til sættarnefndamanna og stefnuvotta, og endurgjald fyrir ferðalag hinna síðastnefndu;
- 2) að hve miklu leyti umboðshaldarar geti heimt ferðakostnað og fæðispeninga, þegar þeir takast ferð á hendur til sættarfundarins;

b) fyrir rétti:

- 3) hvort dómaramanum hvorki megi gjalda borgun fyrir réttarhald né skriptir, eða máske einungis fyrir hið síðarnefnda;
- 4) um upphæð á fæðispeningum dómara;
- 5) hvort umboðshaldari geti fengið bæði ferðakostnað og fæð-

1858.
23. janúar.

ispenínga fyrir að mæta í rétti, og ef svo er, þá um upphæð á þessu.

Þessu til svars læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vitundar að skýra yður frá:
við 1) að í málum þeim, sem hér ræðir um, ber að greiða bæði sættanefndarmönnum og stefnuvottum borgun þá, sem þeim í lögum er áskilið, smbr. tilskipun 20. janúar 1797 gr. 24. og 40, opið bréf 6. apríl 1827 og tilskipun 21. desember 1831 III 1. gr.; þarhjá má gjalda stefnuvottum ferðakostnað, samkvæmt ákvörðunum í 63. gr. í aukatekjureglugjörð 10. september 1830;

við 2) samkvæmt rentukammerbréfum 28. marz 1846 og 19. júní 1847 geta umboðshaldarar hvorki reiknað sér ferðakostnað né fæðispenínga á ferðum sínum til sættafundarins.

við 3) dómarrar geta hvorki heimt borgun fyrir réttarhald né fyrir skriptir, smbr. 13. gr. í aukatekjureglugjörð 10. september 1830 og rentukammerbréf 19. febrúar 1842 í niðurlagi.

við 4) hvað upphæð fæðispenínga snertir, þá skal fara eftir reglum þeim, sem gefnar eru í kansellíbréfi 9. júní 1838;

við 5) þegar þannig er ástatt hafa umboðshaldarar ekki rétt á að heimta ferðakostnað eða fæðispenínga, en samkvæmt rentukammerbréfum 28. marz 1846 og 19. júní 1847 eiga þeir kost á að fá endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir beinlínis hafa haft, og skal amtmaður þá meta endurgjald þetta.

13. febrúar. **3. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamannsins og biskupsins á Íslandi um afsalsbréf til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir jörðinni Hlíðarhúsum.**

Dómsmálastjórnin hefir sent hingað bréf frá herra stiptammanninum og yður, háæruverðugi herra! 26. febrúar f. á.,